

***Drög að umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar***

**Athugasemdir:**

**Tengt meginmarkmiðum 1. og 3:**

- Mikilvægt að ferðamannastaðir verði alltaf byggðir upp með algilda hönnun að leiðarljósi svo að þeir séu aðgengilegir öllum. Algild hönnun er líka mikilvæg þegar verið er að þróa stafrænar lausnir.
- Aðgengilegri borg er stór þáttur í því markmiði að fá inn ráðstefnu- og viðburðagesti þar sem aðgengisþarfir eru oft hafðar að leiðarljósi við ákvarðanir um áfangastaði stórra hópa. Það hefur t.d. verið augin meðvitund á síðustu árum um mikilvægi aðgengismála innan jafnréttisumræðu og að viðburðir sem opnir eru öllum, sérstaklega viðburðir sem tengjast jafnréttimálum, skuli vera aðgengilegir.

Í viðauka við megináherslu 1. kemur t.d. fram:

„Sækja markvisst alþjóðlegar ráðstefnur og fundi til landsins í samstarfi við atvinnulífið, háskólasamfélagið og fleiri aðila sem stuðla að alþjóðlegu orðspori Reykjavíkur sem leiðandi borgar á sviði rannsókna og nýsköpunar, **svo sem á vettvangi jafnréttismála**, friðar, orku, norðurslóða, erfðafræði, sjávarútvegs og skapandi greina.“